



Hafnarfirði 01.01.06

Ársskýrsla SÍH fyrir árið 2005

Stjórnarstarf

Stjórn SÍH hélt uppteknum hætti með því að marka sér stefnu og setja sér markmið í upphafi árs. Að venju voru markmiðin metnaðarfull. Meðal þeirra markmiða sem náðust var að félagið átti Bikarmeistara STÍ árið 2005.

Stjórnarfundir

Stjórn SÍH hélt að jafnaði einn stjórnarfund í mánuði og hélt í þá hefð að halda þá fyrsta dag hvers mánaðar þegar því var við komið.

Rekstrartengdur gagnagrunnur

Nýr gagnagrunnur félagsins virkar vel þannig að auðvelt er að halda utanum félagatal, bókhald, árangur úr mótum, þátttöku í atburðum, umhald á forgjöf, gerð reikninga, úthlutun styrkja og fl. sem er nú allt skráð í einn og sama gagnagrunnin. Þetta leiðir til þess að bókhald og staða félagsins í fjármálum ásamt öðrum lykilatriðum úr rekstrinum liggur fyrir á mánaðarlegum stjórnarfundum og ársreikningar félagsins ásamt helstu upplýsingum um rekstur félagsins var kominn á vefsetur þess 1. janúar.

Félagsfundir

Ívar Erlendsson hélt sitt árlega námskeið í keppnisreglum í SKEET og voru félagsmenn mjög ánægðir með það framtak. Töluverðar breytingar urðu á keppnisreglum í Skeet um síðustu áramót.

Byrjendanámskeið

Eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu 2005 og var þátttaka góð. Að venju var skráning í félagið og árgjaldið það ár innifalið í 6.000 kr. Þátttökugjaldi sem leiðir til þess að þátttakendur mæta frekar á almennar æfingar að námskeiði loknu. Sérstökum kvennaæfingum var haldið úti allt sumarið og var þátttaka nokkuð góð.

Íslands- og bikarmeistara SÍH 2004

Það var eitt af markmiðum SÍH að eignast Íslands og bikarmeistara árið 2005. En því miður gekk það ekki allt eftir og var þetta í fyrsta skipti í fjögur ár sem sveit SÍH verður ekki Íslandsmeistari. Sigurpór Jóhannesson hélt uppi heiðri félagsins með því að næla í bikarmeistaratitilinn árið 2005. Reglum í SKEET var breytt um síðustu áramót og því tóku gildi ný Íslandsmet, Sigurpór Jóhannesson sett nýtt Íslandsmet í apríl og Örn Valdimarsson bætti um betur í maí. Gunnar Gunnarsson SFS bætti metið á Íslandsmótinu og Sigurpór Jóhannesson jafnaði það met Gunnars tveim mánuðum síðar.

Danmerkurferð

Nokkrir félagsmenn héldu uppteknum hætti og fóru í keppnisferð til Danmerkur síðastliðið sumar og stóðu sig með mikilli þrýði. Að þessu sinni var farið bæði til Kaupmannahafnar og Jetsmark.

Skothermir

Félagið festi kaup á skothermi en það á ennþá eftir að útvega fartölvu til að láta fylgja honum. Hugmyndin var að koma upp aðstöðu þar sem félagsmenn geta komið yfir dimmasta skammdegið og æft sig en því hefur ekki ennþá verið við komið. Þó hefur hermirinn aðeins gengið á milli manna til heimanotkunar.

Heiðranir félagsmanna

Stefán Geir Stefánsson, Kári Grétarsson og Helgi Harrysson voru heiðraðir silfurmerki IBH í 60 ára afmælishófi Bandalagsins.

Reglubreytingar

Reglum um Skotmann SÍH var breytt á þann veg að aðeins þeir sem hafa keppnisrétt hjá SÍH geta borið titilinn Skotmenn SÍH

Starfleyfi vegna Iðavalla

Starfsleyfi vegna Iðavalla rann út á árinu og hefur félagið fengið frest fram í mars til að endurnýja það. Núverandi starfsleyfi gerir ekki ráð fyrir annari starfsemi en að skjóta á vellinum en ekki fyrir öðrum uppákomum eða veitingum. Leyfi fyrir fjölbreyttari starfsemi stendur og fellur með rafmagns-, vatns- og fráveitumálum.

Fjölgun félagsmanna

Á árinu bættust 31 nýr félagsmaður í hóp félagsmanna SÍH. Einhverjir félagsmenn hafa fallið úr lestinni og teljast félagsmenn því vera 131. Þeir eru taldir félagsmenn sem hafa greitt árgjald síðastliðin tvö ár.

Skýrsla mótanefndar

Landsmót

Samtals voru skráðir 39 þátttakendur frá SÍH í 7 landsmótum á árinu 2005 auk þess að félagsmenn sóttu mót erlendis. Félagið hélt eitt venjuleg landsmót, Íslandsmótið í lok ágúst og afmælistótið SÍH open sem var haldið í byrjun júní.

Afmælistótið sem var opið mót tókst sérlega vel. Erlendir þátttakendur voru sex, fjórir frá Danmörku, einn frá Noregi og einn frá Englandi. Vegleg afmælisveisla var haldin að móti loknu. Verðlaun voru veglegri en oft áður. Sérstaka athygli vakti árangur ungra Dana, 13 og 16 ára, en sá yngri keppi um 2 og 3 sætið við Örn Valdimarsson. Keppt var eftir nýju fyrirkomulagi sem tíðkast í Danmörku og er þannig að eftir fyrri dag keppinnar er keppendum skipt í tvo hópa eftir árangri og keppa til úrslita í hvorum hóp seinni daginn. Sambærileg verðlaun voru veitt efstu mönnum í báðum hópum. Ýmsir minjagripir voru útbúnir í tilefni afmælistótsins.

Innanfélagsmót

Innanfélagsmót í SKEET voru þrjú og hafa sjaldan eða aldrei verið færri. Þetta var tilraun til að kanna hvort þátttakendum fjölgaði á hverju móti. Skráðir þátttakendur á innanfélagsmóti voru 24. Á lokamótinu sem haldið var í ágúst varð Skotmaður Hafnarfjarðar árið 2005, Sigurpór Jóhannesson. Það er ekki hægt að segja að þessi tilraun hafi borið árangur því meðaltal þátttakenda fækkaði úr 11 7 á hverju innanfélagsmóti.

Skýrsla fjárhagsnefndar

- Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og kennslu- og lottó styrki frá ÍSÍ.
- Félagið fékk styrk upp á 300.000- fyrir góðan árangur í sveitakeppni.
- Félagið fékk síðan afmælisgjöf frá ÍBH upp á 250.000-
- Haldið var áfram að bjóða keppnismönnum upp á árangurstengda styrki. Með því að ná sætum og titlum á landsmótum STÍ eiga þeir rétt á að sækja um styrki sem eru greiddir út með fríum hringjum. Þessi háttur hefur vissulega komið keppnismönnum til góða þar sem samtals 10 keppnismenn fengu samtals 580 hringi í styrki á árinu. Stjórnin ákvað að allir styrkir í framtíðinni verði greiddir út í formi hringja.

Skýrsla skemmtinefndar

Stjórn SÍH bauð stjórnar og nefndarmönnum ásamt mökum í hóf í lok árs. Gestir lögðu þó sjálfir til helstu veisluföng og á borðum var vel skotin villibráð sem bragðaðist eins og best gerist.

Skýrsla vallarnefndar

- Stjórn SÍH sendi inn umsókn um að fá að stækka félagsheimilið en fékk neitun frá bæjaryfirvöldum þar sem ekki væri búið að deiluskipuleggja svæðið. Félagið sendi athugasemd til bæjaryfirvalda þar sem bent var á að bærinn hafði nýlega gefið Kvartmíluklúbbnum hús og aðstoða við uppsetningu á húsinu á sama skipulagssvæði.
- Nýju kastvélarnar reyndust ekki eins og væntingar voru um og á ögurstundu, daginn fyrir SÍH open ákvað vallarnefnd að skipta þeim út fyrir gömlu vélarnar. Þær gömlu eru ennþá í notkun en hugmyndin er að fá framleiðandann til að koma og aðstoða við að koma þeim nýju í gagnið.
- Viðhald á Iðavöllum var í mjög góðu lagi og ástand eigna gott.
- Skotskóli Ellerts Aðalsteinssonar fékk afnot af Iðavöllum á síðasta ári til kennslu og annarra uppákoma.
- Garðyrkjukonan Guðrún Vilhjálmsdóttir var fenginn til að klippa tré og gefa góð ráð varðandi umhirðu gróðurs.
- Haldið var námskeið í Skyndihjálpi fyrir æfingastjóra og það var Helgi Harrysson sem hafði veg og vanda af því.
- Stjórn SÍH sendi bæjaryfirvöldum fyrirspurn varðandi væntingar um rafmagn, stækkun á félagsheimili og stækkun á Iðavöllum ásamt annarri aðkomuleið en yfir æfinga og keppnissvæði Kvartmíluklúbbsins. Engin svör bárust frá yfirvöldum og hefur erindið verið ítrekað. Sum þessara mála eru orðin meira en þriggja ára gömul án þess að svör hafi borist frá yfirvöldum.
- Á árinu 2005 var skotið um það bil 110 þúsund leirdúfum og er það svipað magn og á síðastliðnum árum. Ekki er ástæða til að áætla mikla breytingu á milli ára.
- Vallarnefnd reisti dómaraskýli aftan við pall fjögur eins og skipulag vallarins gerir ráð fyrir. Mikil þryði er af skýlinu sem veitir mikið skjól þegar þannig viðrar.
- Rafstöðin er farin að slappast og þarf skoðunar við ef ekki kemur til föst tenging á rafmagni á næstunni.
- Lokið var við frágang og merkingar sem skilyrtar eru í starfsleyfi Iðavalla.

Skýrsla ritnefnd

Félagið hefur haldið úti öflugum vefsetri þar sem lögð er áhersla á að hafa allar nýtanlegar upplýsingar fyrir félagsmenn aðgengilegar. Einnig er aðgangur að gæðahandbók félagsins þar sem félagsmenn geta sótt

upplýsingar, fengið leiðbeiningar og kynnt sér reglur félagsins. Samtals voru heimsóknir á vefsetur SÍH 11.884

Virðingarfyllst
fyrir hönd stjórnar SÍH

Ferdinand Hansen
formaður SÍH